

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 37/2006**

**frá 10. mars 2006**

**um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2005 frá 2. desember 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1751/2005 frá 25. október 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1725/2003 um innleiðingu tiltekinnar, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar IFRS-staðal 1, IAS-staðal 39 og SIC-túlkun 12 <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1864/2005 frá 15. nóvember 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1725/2003 um innleiðingu tiltekinnar, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar IFRS-staðal 1 og IAS-staðla 32 og 39 <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1910/2005 frá 8. nóvember 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1725/2003 um innleiðingu tiltekinnar, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar IFRS-staðla 1 og 6, IAS-staðla 1, 16, 19, 24, 38 og 39 og túlkanir alþjóðlegru túlkunarnefndarinnar um reikningsskil 4 og 5 <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003) í XXII. viðauka við samninginn:

- „– **32005 R 1751**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1751/2005 frá 25. október 2005 (Stjtið. ESB L 282, 26.10.2005, bls. 3),
- **32005 R 1864**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1864/2005 frá 15. nóvember 2005 (Stjtið. ESB L 299, 16.11.2005, bls. 45),

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 53, 23.2.2006, bls. 64, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 10, 23.2.2006, bls. 32.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 282, 26.10.2005, bls. 3.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 299, 16.11.2005, bls. 45.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 305, 24.11.2005, bls. 4.

- **32005 R 1910**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1910/2005 frá 8. nóvember 2005 (Stjtíð. ESB L 305, 24.11.2005, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1751/2005, 1864/2005 og 1910/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. mars 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. mars 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**R. Wright**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.